

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2011****2011/EES/65/05****frá 30. september 2011****um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/343/EB frá 21. apríl 2009 um breytingu á ákvörðun 2007/131/EB um að heimila samræmda notkun í Bandalaginu á tíðnirófi fyrir þráðlausar sendingar að því er varðar búnað sem notast við ofurviðbandstækni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/381/EB frá 13. maí 2009 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XI. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 5cw (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/131/EB):

„eins og henni var breytt með:

- **32009 D 0343**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/343/EB frá 21. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 105, 25.4.2009, bls. 9).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 5cz (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB):

„– **32009 D 0381**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/381/EB frá 13. maí 2009 (Stjtið. ESB L 119, 14.5.2009, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2009/343/EB og 2009/381/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 63.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 105, 25.4.2009, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 119, 14.5.2009, bls. 32.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.